

**Fornleifarannsókn  
að Hofstöðum í Þorskafirði**



Guðrún Alda Gísladóttir  
**Fornleifastofnun Íslands**  
FS375-06431  
Reykjavík 2008



*Mynd á forsíðu: Rúst, grafir og garðsveggur á Bænhúshól á Hofstöðum í Þorskafirði.  
Horft í vestur.*

© Fornleifastofnun Íslands 2008

© *Fornleifastofnun Íslands*  
*Bárugötu 3*  
*101 Reykjavík*  
***Sími: 551 1033***  
***Fax: 551 1047***  
*Netfang: fsi@instarch.is*

## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>HOFSTAÐIR Í ÞORSKAFIRÐI</b> .....	<b>6</b>
HEIMILDIR UM HOFSTAÐI .....	6
FYRRI RANNSÓKNIR .....	7
<i>Samantekt fyrri rannsókna</i> .....	12
<b>FORNLEIFARANNSÓKN 2006</b> .....	<b>15</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT</b> .....	<b>23</b>
<b>AÐRAR MINJAR Á HOFSTÖÐUM</b> .....	<b>25</b>
<b>SKRÁ YFIR JARÐLÖG</b> .....	<b>29</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>30</b>

## Inngangur

Síðsumars 2006 fór fram fornleifarannsókn á Hofstöðum í Þorskafirði í Reykhólasveit, Austur-Barðastrandarsýslu. Tilgangur rannsókna var að afla upplýsinga um tvo minjastaði í heimatúninu, svokallaða Hoftóft, sem er langhúsleg þúst og minjar á Bænhúshól, en örnefnið gaf vísbendingu um að kirkja eða bænhús hafi eitt sinn staðið á hólnum. Einnig voru skoðaðar aðrar friðlýstar minjar í landi Hofstaða og fornleg naust neðan túns mæld upp.

Fornleifarannsóknin á Hofstöðum í Reykhólahreppi á sér nokkurn aðdraganda. Hún er samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands og heimamanna sem eru aðilar að Ferðamálafélagi Dalasýslu og Reykhólasveitar, með stuðningi sveitarstjórnar Reykhólasveitar. Árið 2005 var Grettislaug á Reykhólum rannsökuð og samtímis þeirri rannsókn var grafið í kumlateiga í Berufjarðarbotni og þeir mældir upp. Þá voru og þingminjar á Kollabúðum í Þorskafjarðarbotni mældar upp árið 2004. Minjar þessar mynda áhugaverðan fornleifa- og söguhring í sveitinni, Grettislaug á Reykhólum,<sup>1</sup> kumlateigur úr heiðni í botni Berufjarðar,<sup>2</sup> kirkjuminjar á Hofstöðum og þingminjarnar í botni Þorskafjarðar.<sup>3</sup> Fáar fornleifarannsóknir hafa verið gerðar á sunnanverðum Vestfjörðum og er því kærkomið tækifæri til að bæta við þekkingu á menningarsögu þessa landsvæðis. Mikill áhugi er á frekari rannsóknum á svæðinu sem og að gera þessum minjum hærra undir höfði og gera þær sýnilegri almenningi. Bestu þakkir eru færðar Arnóri Ragnarssyni á Hofstöðum fyrir aðstoðu og húsaskjól, Guðlaugi Theodórssyni gröfumanni fyrir liðlegheit, Birni Samúelssyni fyrir aðstoð í hvívetna og Gísla Sævarri Guðmundssyni fyrir aðstoð við frágang á svæðinu. Einnig Birnu Lárusdóttur og Oddgeiri Hanssyni fyrir yfirlestur.

Að rannsókninni unnu, auk skýrsluhöfundar, fornleifafræðingarnir Hildur Gestsdóttir, Howell M. Roberts, Oddgeir Hansson og Óskar Leifur Arnarsson fornleifafræðinemi. Rannsóknin fór fram dagana 28. ágúst – 1. september 2006.

---

<sup>1</sup> Guðrún Alda Gísladóttir. *Fornleifarannsókn á Grettislaug á Reykhólum Reykhólum (FS310-05291)*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2006.

<sup>2</sup> Adolf Friðriksson. *Kuml og samfélag. Framvinduskýrsla [án skýrslunúmers]*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2005.

<sup>3</sup> Adolf Friðriksson (ritstj.) *Þinghald til forna. Framvinduskýrsla (FS183-02141)*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002.



Mynd 1. Rauðu hringirnir eru á Porskafljörðarþingstað, Hofstöðum, Berufjarðarbotni og Reykhólum. Merkt inn á kort herforingjaráðsins.



Mynd 2. Hofstaðir í Þorskaflirði. Horft í suðaustur.

## Hofstaðir í Þorskafirði

Hofstaðir eru við sunnanverðan Þorskafjörð. Bærinn stendur norðan undir Hofstaðahálsi og hallar túninu niður að sjávarbökkum. Gamli bærinn stóð á bæjarhól sem er um 2,5 metra hár en núverandi íbúðarhús er nokkru ofan við hólinn. Ekki er lengur búskapur á Hofstöðum en íbúðarhúsið er notað sem heilsárshús og túnið nytjað. Túnið var sléttað um miðja 20. öld.

Hofstaðir hafa lengi vakið athygli fræðimanna og fornfræðinga en ástæðurnar voru aðallega tvær, forvitnilegar minjar í túninu og Þorskfirðingasaga sem greinir frá hofi á Hofstöðum.

### *Heimildir um Hofstaði*

Jarðarinnar er getið í Landnámu,<sup>4</sup> og víða í Þorskfirðingasögu.<sup>5</sup> Fram kemur að maður að nafni Hallur hafi komið út með Úlfi hinum skjálga sem nam allt Reykjanes milli Þorskafjarðar og Hafrafells en Úlfur bjó sjálfur á Miðjanesi: „Með Úlfi kom út sá maður, er Hallr hét, ættstórr ok mikilhæfr; hann bjó á Hofstöðum við Þorskafjörð ok reisti þar hof mikit, því at Úlfr var engi blótmaðr.“<sup>6</sup>

Í íslensku fornbréfasafni er jarðarinnar fyrst getið 1477 vegna sölu hennar og eru Hofstaðir þá í Reykhólakirkjusókn.<sup>7</sup> Árið 1501 er minnst á hana þegar Hofstaðir ásamt Kinnarstöðum, Skógum, Kollabúðum, Múla og hálfu Miðjanesi færast úr Reykhólasókn yfir í Staðarsókn og gjalda þaðan í frá tíund og guðtolla til Staðar á Reykjanesi.<sup>8</sup> Á þessum tíma virðist staða Hofstaða vera sú hin sama og hinna upptöldu býlanna þ.e.a.s. jörðin virðist ekki halda eftir neinum réttindum sem kirkja eða bænhús hefði hugsanlega veitt henni. Er þetta vísbending um að guðshús á Hofstöðum sé niður fallið um 1500. Í fornbréfasafni er Hofstaða loks getið í kaupmálabréfi 1529.<sup>9</sup>

Ekki er minnst á kirkju eða bænhús að Hofstöðum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem var skráð árið 1710. Þá bjó leiguliði á Hofstöðum en jörðin var í eigu bóndans að Kirkjubóli á Bæjarnesi í Múlahreppi. Fram kemur að

<sup>4</sup> *Íslensk fornrit I*, 154.

<sup>5</sup> *Íslensk fornrit XIII*, 177, 198, 202, 216, 221.

<sup>6</sup> *Íslensk fornrit XIII*, 177.

<sup>7</sup> *Íslenskt fornbréfasafn VI*, 114.

<sup>8</sup> *Íslenskt fornbréfasafn VII*, 567.

<sup>9</sup> *Íslenskt fornbréfasafn IX*, 503.

nægan skóg sé að finna í landi Hofstaða til að gera til kola og brúka til eldiviðar en torfrista og stunga sé svotil engin. Engjar séu engar nema í rjóðrum um skóginn, landþröng sé og vatnból bregðist stundum á veturna.<sup>10</sup> Garpsdalaskirkja í Geiradalshreppi átti gömul ítök í skógarhöggi á Hofstöðum en það var löngu orðið gagnslaust 1852 skv. síra Bjarna Eggertssyni í sóknalýsingu Garpsdalssóknar - „...þar sé enginn skógur lengur hvorki smár né stór.“<sup>11</sup> Í sóknalýsingum Staðar-og Reykhólasókna frá 1839 er jörðinni lýst á svipaðan hátt fyrir utan að skógurinn er nær genginn til þurrðar þó að kolaskógur sé enn nokkur.<sup>12</sup>

### ***Fyrri rannsóknir***

Margir fræðimenn og fornfræðingar hafa heimsótt Hofstaði í gegnum tíðina til að skoða hofminjar þær sem þar átti að vera að finna. En það voru ekki aðeins sjálfar minjarnar sem gerðu staðinn áhugaverðan heldur einnig bæjarnafnið og að ein sögupersóna Þorskfirðingasögu átti að hafa búið þar, Hof-Hallur.<sup>13</sup> Rannsóknir á Íslendingasögum áttu sitt blómaskeið á seinni hluta 19. aldar. Af hálfu Íslendinga tengdust þær að miklu leyti sjálfstæðisbaráttu og þörf þjóðarinnar fyrir skýra mynd af eigin fortíð. Á 19. öld fóru menn að gera sér grein fyrir að ein helsta leiðin til að sannreyna að hve miklu leyti Íslendingasögurnar segja frá raunverulegum atburðum væri að athuga staða- og leiðalýsingar þeirra. Að Hofstöðum kom t.d. danski handritafræðingurinn Kristian Kålund. Hann ferðaðist um landið á árunum 1872-74 og kannaði staði og leiðir sem lýst er í Íslendingasögunum. Hann kom í Reykhólahrepp, enda eiga nokkrar Íslendingasögur sér þar sögusvið. Á Hofstöðum var það Þorskfirðingasaga sem átti huga Kálunds allan og hofið sem þar átti að hafa verið reist. Kålund lýsti þeim minjum sem hann sá í túninu og taldi upp hof-örnefni og meintar hofminjar:

1) Kringlóttur flatur hóll (9 faðmar í þvermál) er í túninu fyrir neðan bæinn, nefndur Hofhóll, girðing virðist hafa verið í kring. Í miðjum hringnum er tóft, ekki stór, 4X21/2 faðmur), aflöng ferhyrnd. Dyr virðast hafa verið á vestra gaffli, sem frá bænum snýr. Þetta á að vera hoftóftin. Önnur stærri er móts við hana, en sunnar, snýr öðrum gaffli að hólnum, en hinum að lítilli vík, ferhyrnd aflöng, stærð 30X8 álnir. Þetta á að hafa verið gildaskálinn; dyr virðast hafa verið á öðrum gafflvegg.<sup>14</sup>

<sup>10</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala-og Barðastrandarsýsla*, 209.

<sup>11</sup> Bjarni Eggertsson. „Lýsing Garpsdalssóknar“, 33-34.

<sup>12</sup> Friðrik Jónsson. „Lýsing Staðar- og Reykhólasókna“, 49.

<sup>13</sup> *Íslensk fornrit XIII*, 177.

<sup>14</sup> Kålund, K. *Íslenskir sögustaðir II. Vestfirðingafjórðungur*, 136.

Ekki kemur skýrt fram hvort það sé skoðun Kálunds sjálfs að hringlaga þústin sé hoftóftin, og sú langhúslega gildaskáli eða hvort hann fái upplýsingarnar frá ábúanda jarðarinnar og það falli að hans hugmyndum um lag hoftófta. Ekki minnst Kálund á Bænhúshólsörnefni á Hofhóli, annaðhvort var það ekki þekkt, honum ekki sagt frá því eða hann kosið að minnst ekki á það.

Rétt fyrir aldamótin 1900 kom Brynjúlfur Jónsson, fornfræðingur, að Hofstöðum á vegum Hins íslenska fornleifafélags. Félagið hafði verið stofnað árið 1879 og var markmið þess meðal annars að kanna forn mannvirki, en þó einkum þau sem tengdust fornsögnum og samfélagi þjóðveldisaldar. Félagið gerði út leiðangra á sumrin til að kanna sögustaði og safna forngripum. Árið 1898 fór Brynjúlfur, í félagi við Daniel Bruun höfuðsmann, í rannsóknarleiðangur vestur í Barðastrandarsýslu. Í þeim leiðangri voru rannsökuð kuml í Berufirði auk þess sem Brynjúlfur kannaði einnig aðra sögustaði í austurhluta Barðastrandarsýslu eins og Þorskafjarðarþingstað og ýmsa staði sem minnst er á í Landnámu, Þorsfirðingasögu, Grettissögu og Fóstbræðrasögu.<sup>15</sup> Brynjúlfur kom að Hofstöðum og kannaði staðhætti. Hann þekkti óðara byggingarlagið á Hofhól/Bænhúshól og taldi líklegt að upp úr hoftóftinni hefði verið reist bænhús með hinum hefðbundna hringlaga kirkjugarði í kring.<sup>16</sup> Ekki getur hann annarra tófta í túninu.

Árið 1913 kom Matthías Þórðarson þjóðminjavörður að Hofstöðum og birti niðurstöður vettvangskonunnar sinnar í grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1924.<sup>17</sup> Þar er Matthías sammála Brynjúlfi um að hringlaga þústin sé leifar bænhústóftar og garðs í kring: „...lítil, ferhyrnd, en mjög hlaupin í þúfur. Umhverfis hana er kringlóttur garður, nokkuð upphækkaður, og margar þúfur, ílangar, í honum, sem kunna að vera gömul leiði.“<sup>18</sup> Suðvestur af bænhústóftinni á svokallaðri Hofflöt taldi Matthías að hægt væri að greina hoftóftina - mjög óljósa. Hana segir Matthías vera 20 2/3 X 6 1/4 m stóra, snúa SV-NA og líklega með opi í suðvesturenda.

Árið 1930 friðlýsti Matthías svo minjar á Hofstöðum en friðlýsingin var byggð á athugunum hans, Brynjúlfs og Kálunds. Friðlýstar voru eftirfarandi minjar:

<sup>15</sup> Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Barðastrandarsýslu sumarið 1898.“, 8.

<sup>16</sup> Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Barðastrandarsýslu sumarið 1898.“, 17.

<sup>17</sup> Matthías Þórðarson. „Smávegis...“, 44.

<sup>18</sup> Matthías Þórðarson. „Smávegis...“, 44.



a. „Hoftóft“, svo nefnd, í túninu, á flöt vestur frá bænum. b. „Veislusalstóft“, er svo nefnist, skammt frá „hoftóftinni“. c. „Hallshaugur“, svo kallaður, lítill hóll, flatur að ofan, norðan við hinn forna túngarð. d. Bænhústóft, í norðaustur frá hoftóftinni og kringlóttur garður um. e. Rauðsdalsrúst; er hún í litlum dal (Rauðsdal), milli Hofstaða og Berufjarðar.<sup>19</sup>

Sérstök samantekt um friðlýstar fornleifar var gefin út árið 1990 og í neðanmálsgrein í friðlýsingarskránni er ódagsett athugasemd frá Guðmundi Ólafssyni fornleifafræðingi hjá Þjóðminjasafni Íslands um að búið sé að slétta yfir minjar undir lið b-c. þ.e. Veislusalstóft og Hallshaug.<sup>20</sup>




Fig. 21. Tomter på Hofstaðir i Þorskafjörður, Barðastrandarsýsla. Skitseopmåling 1:1000 af Áke Ohlmarks 1936. Efter Áke Ohlmarks 1943.

Mynd 3. Uppdráttur Áke Ohlmarks af túftum í Hofstaðatúni. Yfir langhústóftirnar var sléttað um miðja öldina. Fengin úr bók Olavs Olsens, *Hørg, hov og kirke*, bls. 199.

Árið 1936 kom sænskur fornfræðingur, Áke Ohlmarks að nafni, að Hofstöðum. Hann segir frá heimsókninni í greininni „Isländska hof och gudahus“ í *Bidrag till nordisk filologi tillägnade Emil Olson* gefin út í Lundi 1943. Tæplega 30 árum síðar kom annar fræðimaður, Olav Olsen, að Hofstöðum og í bókinni *Hørg, hov og kirke* ber Olsen niðurstöður sínar saman við Ohlmarks. Í millitíðinni hafði túnið<sup>21</sup> verið sléttað en Olsen nýtir sér m.a. uppdrátt Ohlmarks af túftum í túninu (sjá mynd 2) við

<sup>19</sup> Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá*, 33.

<sup>20</sup> Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá*, 33, neðanmáls.

<sup>21</sup> Hofstaðatúnið var sléttað um miðja 20. öld (á árabílinu 1947-1952) Guðmundur Sveinsson og Bjargey Arnórsdóttir. Munnlegar upplýsingar.

athuganir sínar.<sup>22</sup> Olsen segir jafnframt að Ohlmarks hafi á sínum tíma fengið þær upplýsingar frá Sveini Sæmundssyni bónda, sem bjó á Hofstöðum 1911-1938<sup>23</sup>, að hringlaga tóftin væru taldar leifar hofs frá heiðnum sið en auk þess greindi Sveinn frá því að annað örnefni á þessum sama stað væri Bænhúshóll. Í sléttuðu túninu sá Olsen enn aðra tóft, um 20 m vestur frá Bænhústóftinni. Þeirri tóft er ekki lýst öðruvísi en svo að hún sé langhúsleg<sup>24</sup> en þessi lýsing og fjarlægðin kemur heim og saman við þá þúst sem fram á þennan dag hefur verið kölluð Hoftóftin (og er að líkindum einnig sama þústin og Kålund taldi Gildaskála/Veislusalstöft og Matthías Þórðarson lýsti sem óljóstri á Hofflöt. Matthías gat hinsvegar ekki langhúslegu tóftanna tveggja sem Ohlmarks sýnir á uppdrættinum). Olsen taldi að rétt eins og að hofkenningin hefði verið byggð á veikum grunni væri kirkjukenningin það líka. Engar skriflegar heimildir væru um kirkju á Hofstöðum, sem þó útilokaði ekki að hún hefði verið til - kirkjan gæti hafa verið aflögð snemma, í það minnsta fyrir 1500. Reyndar styddi lag og lega tóftarinnar á bænhúshól og hringlaga garðurinn í kring fremur að þar hefði verið kirkja.<sup>25</sup>

Í millitíðinni eða í september 1963 kom Kristján Eldjárn þjóðminjavörður að Hofstöðum og kannaði aðstæður. Hann hitti fyrir Ragnar bónda Sveinsson<sup>26</sup> sem vísaði honum á svæðið. Fram kemur að Kristján var hugsí yfir stöðu minja og friðlýsinga m.a. í því ljósi að nýlega var búið að slétta út tvær friðlýstar minjar í túninu.<sup>27</sup> Skv. heimildum, sem Kristján tók saman og kallaði „drög að spjaldskrá um friðlýstar minjar“, taldi hann Hoftóftina vera þá sem Kålund kallaði Gildaskála en sjálfur áleit hann að rústin gæti verið fjós, þótt ekkert yrði fullyrt án frekari rannsókna.<sup>28</sup> Ragnar benti Kristjáni á hvar hann áleit að hefðu verið tóftir u.þ.b. 20 m suður og upp frá hofrústinni – allar sléttaðar út á þessum tíma. Eina þeirra hefði Matthías talið vera Veisluskálann en suður frá honum var önnur tóft – kringlött – og hana hefði Matthías túlkað sem mögulegt útielhús.<sup>29</sup>

---

<sup>22</sup> Olsen, Olav. Hørg, hov og kirke, 198-199.

<sup>23</sup> Jón Kr. Guðmundsson. *Skyggir Skuld fyrir sjón*, 218.

<sup>24</sup> Olsen, Olav. Hørg, hov og kirke, 199.

<sup>25</sup> Olsen, Olav. Hørg, hov og kirke, 199.

<sup>26</sup> Ragnar kom að Hofstöðum 3 ára og ólst þar upp. Var bóndi þar nær samfelld frá 1940-1980. Sjá Jón Kr. Guðmundsson. *Skyggir Skuld fyrir sjón*, 218.

<sup>27</sup> Kristján Eldjárn. Hofstaðir. *Dagbækur 1945-1968*. 7.september 1963. Þjóðminjasafn Íslands.

<sup>28</sup> Kristján Eldjárn. *Drög að spjaldskrá um friðlýstar minjar*.

<sup>29</sup> Kristján Eldjárn. *Drög að spjaldskrá um friðlýstar minjar*.

Örnefnaskrá fyrir Hofstaði var skráð 1980. Hún er að grunni til eftir Samúel Eggertsson og voru heimildamenn hans Ólína Magnúsdóttir á Kinnarstöðum<sup>30</sup> og að því er talið er Sveinn Sæmundsson,<sup>31</sup> þá bóndi á Hofstöðum. Athugasemdir við þá skrá eru gerðar af Brynjúlfi Sæmundssyni og voru báðar skrárnar endurskoðaðar af Ragnari Sveinssyni bónda á Hofstöðum. Þá er einnig til skrá um örnefni á jörðinni gerð af Jóni Kr. Guðmundssyni<sup>32</sup> á Skáldstöðum.<sup>33</sup> Í örnefnaskrá Hofstaða segir svo um Hoftóft og Veislutóft/Veisluskála/Veislusal:

Beint niður af bæ er Hofflöt og á henni Hoftóft, sem enn sést fyrir. Matthías Þórðarsson taldi þetta hoftóft og aðra tóft, er var suðaustur af henni, taldi hann hafa verið veislusal. S.E. [Samúel Eggertsson örnefnasafnari] kallar hana Veizlutóft, en að sögn Ragnars [Sveinssonar bónda á Hofstöðum] var hún ekki kölluð neitt í daglegu tali. Þetta voru þúfur efst í Tuttuguálnavelli og mótaði fyrir garði öðru megin. Að sögn S.E. var tóftin u.þ.b. 18x7 metrar að stærð. Þetta hefur nú verið sléttað. Þarna mun hafa verið einhver önnur tóft, sem líka hefur verið sléttað yfir. Er nú íhvolft, þar sem hún var, síðan sléttan fór að síga...Rétt neðan við bæ er Jónstóftarhóll...Endinn á Veizlutóftinni gekk nærri upp undir Jónstóftarhólinn.<sup>34</sup>

Ennfremur segir um Bænhúshólinn:

Norður af tóftunum er Bænhúshóll. Hann er óhreyfður á þrjá vegu, en eitthvað verið nagað í hann á eina hlið. Á honum eru stórar þúfur.<sup>35</sup>

Á þessum tíma eru örnefni orðin nokkuð föst í sessi og búið að marka fornleifunum stað og svæði: Almennt var talið að á Bænhúshól hafi staðið guðshús og langhúslega tóftin á Hofflöt kölluð Hoftóft þótt seinni tíma fræðimenn væru almennt farnir að telja hana fjós fremur en mannbústað. Tóftirnar tvær (Veislusalstöftin og eldhústóft?) sem Ohlmarks teiknaði voru horfnar vegna túnasléttunar svo um þær verður ekki fjölyrt meira frekar.

Árið 1990 komu fornleifafræðingarnir Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson að Hofstöðum og könnuðu svæðið, en Bjargey Arnórsdóttir húsfreyja sýndi þeim kringumstæður. Þeir lýstu Bænhúshól sem svotil sléttum að ofan en kargaþýfðum,

<sup>30</sup> Fædd 1904 á Kinnarstöðum og bjó þar alla ævi. Jón Kr. Guðmundsson. *Skyggir Skuld fyrir sjón*, 222.

<sup>31</sup> Fæddur 1879 en bjó á Hofstöðum 1911-1938. Sjá, Jón Kr. Guðmundsson. *Skyggir Skuld fyrir sjón*, 218. Jón Kr. Guðmundsson. *Skyggir Skuld fyrir sjón*, 123.

<sup>32</sup> Fæddur 1931 á Skáldstöðum og bjó þar alla ævi.

<sup>33</sup> *Örnefnaskrá Hofstaða, 1.*

<sup>34</sup> *Örnefnaskrá Hofstaða, 2-3.*

<sup>35</sup> *Örnefnaskrá Hofstaða, 2.*

erfitt væri að greina veggja en helst að sjá sem á hólnum væri aflöng tóft sem opnast í vestur.<sup>36</sup> Þá skoðuðu þeir Hoftóftina á Hofflöt og töldu hana hafa verið eitthvað skemmda, m.a. var sem eystri langhliðin væri um 1,5 m styttri en hin vestari.<sup>37</sup> Líklegra þótti þeim að meint Hoftóft væri fremur útihús, t.d. fjós, en íveruhús, enda er þústin í talsverðum halla en slíkt á oft við um útihús.<sup>38</sup>

### **Samantekt fyrri rannsókna**

Kålund taldi Bænhúshól vera Hofhól. Að líkindum kallaði hann Hoftóftina á Hofflöt Gildaskála en notaði líka orðið Veislusalur sem varð svo að Veisluskála eða Veislutóft manna á milli.

Brynjúlfur greindi aðeins frá Bænhúshól og taldi ekkert því til fyristöðu að kirkja með hringlaga garði í kring hefði verið reist á hofstæðinu.

Matthías Þórðarson taldi einnig að á Bænhúshóli væru leifar guðshúss en getur jafnframt óglöggrar tóftar á Hofflöt. Sú tóft er að öllum líkindum sama fyrirbærið og Kålund kallar Gildaskála/Veislusal. Skv. örnefnaskrá og heimildamönnum voru Matthíasi einnig sýndar tóftir fast suðvestan undir bæjarhólnum og þær taldi hann að gætu verið leifar Veislusals og eldhúss þótt hann fjölyrði ekkert um þessar tóftir í samantekt sinni í Árbók hins íslenska fornleifafélags. Friðlýsing Matthíasar byggist á heimsókn hans og könnunum Kálunds og Brynjúlfs: Hann friðlýsti Bænhúshól, Hoftóft og einnig Gildaskála/Veislusal sunnan undir bæjarhólnum. Þarna er komin upp athyglisverð staða; Hoftóft Kálunds var orðin að bænhúsminjum og Gildskáli/Veisluskáli orðinn að Hoftóft. Matthías fann eða taldi sig finna enn aðrar rústir sem hann kallaði þá Gildaskála/Veisluskála.

Ohlmarks fann Bænhúshólinn en teiknaði líka inn tvær langhúslegar rústir en þar hafa heimildamenn líklega bent honum á Gildaskála/Veisluskála og eldhús Matthíasar. Hinsvegar virðist Ohlmarks hvergi sjá tóft á Hofflöt.

Þegar Kristján Eldjárn kom að Hofstöðum var búið að slétta túnið og aðeins Bænhúshólinn og Hoftóftin/fjósið eftir. Ummerki um aðrar minjar sáust ekki.

Olsen kom stuttu á eftir Kristjáni og athyglisvert er hversu lítinn áhuga Olsen hefur á Hoftóftinni sem var mjög greinileg í túninu eftir sléttunina. Hugsanlega hefur

---

<sup>36</sup> Orri Vésteinsson. *Dagbók 1990*, 124-125.

<sup>37</sup> Orri Vésteinsson. *Dagbók 1990*, 124.

<sup>38</sup> Orri Vésteinsson. Persónulegar upplýsingar.

honum ekki þótt hún sannfærandi? Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson töldu helst, eins og Kristján, að Hoftóftin væri fjós, enda í nokkrum halla.





*Efri mynd 4: Hoftóftin á Hofflöt. Horft í SV.*

*Neðri mynd 5: Kargapýfður Bænhúshóll. Horft í NNA*



Mynd 6. Allir nemendur Reykhólaskóla komu í vettvangsferð. Hér má sjá nemendur úr eldri deildum skoða meintar kirkjumínjar og grafirnar á Bænhúshól. Horft í norðaustur.





Efri mynd 7. Rannsóknarsvæði 2006. Skurðir fylltir svörtu. Bæjarhóll skástríkaður. A er Bænhúshóll, B er Hoftóft og C er Veislusalssvæði.  
 Neðri mynd 8. Mynd Ohlmarks steipt saman við rannsóknarkortið.

## Fornleifarannsókn 2006

Markmið með uppgreftinum var að afla upplýsinga um fornleg mannvirki í túninu á Hofstöðum í Reykhólasveit í Austur-Barðastrandarsýslu. Þau eru svokölluð Hoftóft og Bænhústóft.

Markmið rannsóknarinnar var að:

- gera forkönnun á minjunum, þ.e.a.s. athuga ástand og varðveislu þeirra og meta vísindalegt gildi staðarins
- kanna um hvernig mannvirki er að ræða
- kanna vísbendingar um aldur mannvirkjanna
- kanna breytingar á mannvirkjunum og hvernig þau voru byggð í öndverðu

Grafið var eftir aðferðafræði sem kalla má einingaaðferð eða einingakerfi.<sup>39</sup> Öll jarðlög voru skráð: teiknuð, mæld og lýst með hefðbundnum aðferðum. Staðsetning svæðanna og nánasta umhverfi var mælt upp með alstöð sem mælir norðlæga breidd, vestlæga lengd og hæð yfir sjávarmáli. Notast var við fasta vegpunkta sem eru í Landshnitakerfi til að fá rétta staðsetningu og voru upplýsingarnar fengnar frá Vegagerð ríkisins, Ísafirði.

Innan túns sést enn vel fyrir Bænhúshól og svokallaðri Hoftóft enda var báðum þyrmt þegar túnið var sléttað á sínum tíma. Bænhúshóllinn er um 75 m NV við núverandi íbúðarhús og rétt um 5 m NV við gamla bæjarhóllinn. Hóllinn er nálega hringlaga, um 1-1,5 m hár, fremur flatur að ofan en krappþýfður, um 24 m í SV-NA og 20 m í NV-SA. Ekki var unnt að greina áreiðanlegar tóftaleifar í þýfinu á yfirborðinu en þó mátti hugsanlega sjá móta fyrir slíku á u.þ.b. miðju svæðinu. Lag Bænhúshólsins minnr óneitanlega á miðaldakirkjugarða með bænhúsi/kirkju í miðju, en eins áður hefur fram komið eru ekki heimildir um slíkt á Hofstöðum. Hoftóftin svokallaða er á túnflöt – Hofflöt - neðan við núverandi bæ, um 60 m norðvestur af honum og um 40 m norðvestur af gamla bæjarstæðinu. Þústin er lág (um 30 cm) en áberandi í sléttuðum og hörðum túnvellinum, rúmlega 24 metra löng og um 7 metra breið. Við vettvangsathugun virtist sem búið væri að ganga eitthvað á tóftina og nánasta umhverfi hennar á vélaöld. Veggir hennar eru óreglulegir og skörðóttir. Tóftin er í dálitlum halla, en eins áður hefur komið fram þótti það fremur vísbending um skepnuhús, e.t.v. fjós frá miðöldum fremur en mannabústað. Engin greinileg ummerki sjást um aðrar tóftir í túninu s.s. Veislusalstöft en dæld er þó í túninu rúmlega 30 m SV af Bænhúshól og um 20 m SA af Hoftóft – rétt framan við SV-enda bæjarhólsins. Var það svæði einnig rannsakað.

Auk uppgrafter á ofantöldum stöðum voru naust og rústir í Hofstaðatanga mældar upp og skráðar.

Áður en uppgröftur hófst var svæðið ljósmyndað og lagt út hnitakerfi. Var rannsóknarsvæðunum skipt í 3 svæði: A. Bænhúshól, B. Hoftóft og C. Veislusals/gildaskálasvæði. Svörðurinn var tekinn ofan af með vélgröfu.

---

<sup>39</sup> Á ensku: „Single context“.



## Svæði A. Bænhúshóll

Opnað var 5x5 m stórt svæði á svotil miðjum Bænhúshól auk þess sem grafinn var 7 metra langur og 0,8 metra breiður skurður til vesturs út fyrir hólinn til að freista þess að finna mörk fornleifanna. Komið var niður á fornleifar á u.þ.b. 30 cm dýpi, hleðslur og grafir. Grafin voru 5 jarðlög [001-005] en önnur voru skráð *in situ*<sup>40</sup>, sjá jarðlagaskrá hér að aftan. Mannvirkinu hefur verið ákveðinn staður á hól í túninu en byggingin sjálf staðið á tilbúnum stelli á u.þ.b. miðjum hólnum, sem er nokkru hærri en yfirborð kirkjugarðsins vestan við hana. Munar allt að 20 cm á yfirborði kirkjugarðsins og á stallinum fyrir sjálfa bygginguna. Stallurinn gæti einnig vel hafa verið myndaður af rústum eldri bygginga sem voru rifnar þegar yngsta byggingin var reist. Ekki er hægt að fullyrða um stærð hússins á þessu stigi en ljóst er að það er breiðara en þeir 5 metrar sem uppgraftarsvæðið afmarkaði. Á norðanverðu svæðinu lá stærðargrjót í skurði, líklega undirstöður veggjar. Í vesturgafli byggingarinnar voru boldangssteinar sem voru nokkuð úr lagi gengnir, erfiðara er að varpa ljósi á suðurgaflinn eftir þessa könnun. Torfbálgur, sem ekki var grafinn við rannsóknina, var þar yfir og sást grjót við suðurmörk svæðisins en á þessu stigi málsins er ekki hægt að skera úr um hvort það liggir í skurði eins og hinar líklegu undirstöðurnar við norðurgaflinn. Nokkrar flatar hellur mátti sjá fast austan við vesturgaflinn, hugsanlega hellulagt gólf auk þess sem vantaði í steinaröð vesturgaflsins svo þar gætu hafa verið dyr. Yfirborðið utan rústarinnar, í kirkjugarðinum, var mjög hreyft sem bendir til að þétt hafi verið grafið á þeim stað sem kannaður var, fast vestan við rústina. Það tókst að afmarka þrjár grafir og voru tvær þeirra opnaðar að hluta til að staðfesta að um grafir væri að ræða. Mátti sjá mannabein í báðum og voru leifar trékistu í annarri. Eitt af markmiðunum var að komast að varðveislu mannabeina á staðnum sem reyndist vera mjög slæm, en ekki var hreyft við beinunum heldur fyllt aftur upp í grafirnar. Leifar af vegg fundust 5,2 metra vestur frá vesturgafli rústarinnar, að öllum líkindum það sem eftir er af kirkjugarðsveggnum. Hinn hreyfði jarðvegur í kirkjugarðinum virðist ekki ná alveg vestur að veggnum heldur er hann áberandi á rúmlega þriggja metra svæði vestur frá rústinni. Var hann malarblandaður auk þess sem í honum sást torfrusl og svolítið af grjóti.

Byggingin sem afhjúpuð var á Bænhúshól var stæðileg, um það vitnar hið mikla hleðslugrjót og rammgerðar undirstöður. Við rannsóknina mátti einnig greina

---

<sup>40</sup> *In situ* er latína og merkir „á sínum upprunalega stað“. Sagt er að náttúruleg lög eða mannvistarlög séu „in situ“ ef þau hafa ekki færst úr stað eða verið raskað eftir að þau mynduðust.


fleiri en eitt byggingarstig mannvirkisins og t.d. virðist miðjugröfin fara undir vegg yngsta hlutans. Ekki er hægt að skjóta loku fyrir það að hlutverk húsa á Bænhúshól hafi breyst eftir að kirkjan var aflögð en mörg dæmi eru um að kirkjur hafi verið nýttar áfram sem útihús eða endurbyggðar sem slík. Hafi verið gengið inn í bygginguna á vesturgafli má telja líklegt að allar þær grafir sem í ljós komu á vestanverðu könnunarsvæðinu fylgi eldri byggingarstigum og er það jafnvel verið vísbending um að yngsta byggingarstigið hafi ekki verið kirkja. Engar skriflegar heimildir eru til um kirkju á þessum stað en af þeim fornu heimildum sem til eru um Hofstaði geta engar þeirra um kirkju. Um 1500 virðist t.a.m. staða Hofstaða í engu frábrugðin annarra býla í nágrenninu, þ.e.a.s. jörðin virðist ekki hafa nein réttindi sem kirkja eða bænhús hefði hugsanlega veitt henni. En til að kanna hvort aðrar byggingar með önnur hlutverk hafi verið reist á sama stað eftir að guðshúsið var aflagt þarf frekari rannsóknna við.





*Mynd 9. Fremst kirkjuminjar og aftar grafir í kirkjugarðinum. Það sést í kirkjugarðsvegginn í skurðinum fjærst. Horft í norðvestur.*



*Mynd 10. Grafir og kirkjuminjar á Bænhúshól á Hofstöðum. Farið var ofan í grafirnar tvær til hægri á myndinni, miðjugröfin sker þá syðri. Horft í austur.*



*Mynd 11. Svæði A. Uppdráttur af gröfum og minjum á Bænhúshól á Hofstöðum.*



Mynd 12. Svæði A. Teikning af suðursniði á Bænhúshól.  
Mynd 13. Svæði B. Vestursnið 'hoftóftar'.

## Svæði B. Hoftóft



Mynd 14. Skurður í gegnum hina meintu hoftóft. Horft í suðaustur. Veislusalssvæðið er á flötinni fyrir aftan.

Í hina meintu hoftóft var tekinn 2x10 m stór skurður þvert yfir þústina en hún snýr NV-SA. Í stuttu máli komu þar engar mannvistarleifar í ljós. Ljóst er að þúfur hafa hlaðist upp beggja vegna grunnrar vatnsrásar í túninu svo þar hefur virst vera löng tóft. Skýrir þetta líka afhverju skammhliðar hinnar meintu tóftar virtist vanta og langhliðarnar virtust mislangar. Þetta er að öllum líkindum tóftin sem Kálund kallaði Veislusal/Gildaskála og Matthías Þórðarson taldi sig sjá óglögg í túninu og kallaði Hoftóft. Þegar túnið var svo sléttað á sínum tíma hefur þústin beinlínis verið mótuð um þúfnahlaupið. Þegar horft er á landslagið sést að víða liggja grunnar vatnsrásir niður túnið og er hugsanlegt að eins hafi verið ástatt um myndun annarra tófta sem menn töldu sig sjá í túninu.



Mynd 15. Skurður á veislusalssvæði. Sníðið var teiknað vinstra megin, grafið var niður í möl þar. Horft í suðvestur.

## Svæði C. Veislutóft/gildaskáli

Þegar í ljós hafði komið að „hoftóftin“ var ekki gerð af mönnum var þess freistað að finna ummerki um tóftirnar tvær sem Matthías Þórðarson hóf að kalla Veislutóft/Gildaskála og Ohlmarks teiknaði upp á sínum tíma, og lýst er í örnefnaskrá Hofstaða. Opnaður var um 12 metra langur og 0,8 metra breiður skurður á þessum slóðum með von um að finna mannvistarleifar. Ekki fundust aðrar leifar en þær sem búast má við að finna nálægt mannabústöðum, örlitlar kolaagnir í fokmold, enda bæjarhóllinn ekki langt undan. Í örnefnaskrá er þess getið að þar sé sem íhvolft þar sem tóftin/tóftirnar voru.<sup>41</sup> Þarna í túninu virðist einnig vera grunn vatnsrás

líkt og sjá má á Hofflöt og hugsanlega gætu tóftirnar sem Ohlmarks sýnir á uppdrætti


<sup>41</sup> Örnefnaskrá Hofstaða, 3.

sínum verið af náttúrunni gjörðar en til að ganga úr skugga um það þyrfti mun viðameiri rannsóknir og að opna stærra svæði.

## Niðurstöður og samantekt

Niðurstöðurnar eru athyglisverðar. Hin meinta Hoftóft reyndist ekki vera manngerð og aukreitis er rannsóknarsaga Hofstaða áhugaverð heimild um það hvernig hugmyndir manna um fornleifar breyttust: Túlkun hringlaga tóftarinnar breyttist úr hofi í bænhús og þá var farið að kalla langhúslegu þústina á Hofflöt „Hoftóft“ (og líklega er Hofflötörnefnið ekki eldra en „Hoftóftin“) en Veisluskála/Gildaskála örnefnið færðust yfir á enn aðrar meintar tóftir SV undir bæjarhólum, sem að líkindum hafa einungis verið þúfnahlaup í túninu. Á Bænhúshól fundust byggingaleifar og grafir. Ljóst er að þar var kirkja í fyrndinni þótt ekkert sé hægt að fullyrða um hlutverk þeirrar byggingar sem afhjúpuð var við könnunina (yngsta byggingin) því grafirnar virtust tilheyra eldri stigum. Engir gripir né dýrabein fundust við rannsóknina og mannabein voru ekki tekin upp.

Það væri mikill akkur, ekki aðeins fyrir sveitarfélagið og sögu þess heldur einnig á landsvísu að frekari rannsóknir færu fram á mannvirkinu og umhverfi þess. Mikil gróska hefur verið í kirkjurannsóknum undanfarin ár og hefur Fornleifastofnun Íslands komið að fornleifarannsóknum á kirkjum að Neðra-Ási í Skagafirði, Hofstöðum í Mývatnssveit, Gásam í Eyjafirði, Reykholti í Borgarfirði auk viðamikils kirkna-og bænhússkrárverkefnis á landsvísu. Á síðustu árum og áratugum hafa verið rannsakaðar fleiri kirkjuminjar, t.d. á Kirkjubóli við Skutulsfjörð, Þórarinsstöðum í Seyðisfirði, Hrísrú í Mosfellsdal, Varmá í Mosfellssveit, Stöng í Þjórsárdal og Keldudal í Skagafirði auk þess sem fornleifarannsóknir fóru fram á kirkjustæði Skálholts um miðja 20. öldina. Aðeins ein kirkjurúst hefur áður verið rannsökuð á Vestfjörðum en það var á Kirkjubóli. Frekari rannsókn á Hofstöðum í Reykhólasveit myndi auka við við þekkingu á slíkum byggingum í þessum landshluta sem og þekkingu á byggingarstílum og gerðum slíkra mannvirkja almennt.



*Mynd 16. Skurður á veislusalssvæði. Suð austursnið skurðarins var teiknað.*



## Aðrar minjar á Hofstöðum

Aðrar minjar en Bænhúshóll, Hoftóft og Veisluskáli hafa einnig vakið athygli fræðimanna sem sótt hafa Hofstaði heim í gegnum tíðina. Aðallega er þar um að ræða friðlýstar minjar Hofhaugs/Hallshaugs og tóftir býlis í Rauðsdal (en eru augljóslega í Stekkjardal). Einnig fornleg naust neðan bæjar. Verður hér að aftan rakin umfjöllun fræðimanna um þessar minjar.

Hofhaugur eða Hallshaugur: Kålund minnst á Hofhaug innarlega í Hofstaðatúni, þar sem haugur Hof-Halls var talinn vera og lýsti hann haugnum sem smáhól í túninu.<sup>42</sup> Matthías Þórðarson lýsti lítilli upphækkun eða hól sem gæti verið haugur en hafði heimildir fyrir því að grafið hafði verið í staðinn fyrir um 50 árum – þá nálægt 1860 – og því líti haugurinn út eins og smátóft.<sup>43</sup> Kristján Eldjárn kannaði staðinn þar sem Hallshaugur var en þar var búið að slétta en Ragnar Sveinsson sagði svo frá að þarna hefði verið einskona upphækkun sem líktist lítilli tóft. Þegar tóftin var sléttuð kom upp nokkuð af kolum og gjalli og taldi Ragnar að þar hefði verið smiðjutóft.<sup>44</sup> Um haug Hof-Halls segir í örnefnaskrá Hofstaða:

...nær Seigutungu en túngarði, er ávöl bunga, slétt, sem sögð er vera haugur Hof-Halls.<sup>45</sup>

Stekkjardalur og Rauðsdalur: Kålund kannaði einnig Rauðsdal (einnig örnefni úr Þorskfirðingasögu) þar sem bæjartóftir og túngarður sjáist greinlega.<sup>46</sup> Neðanmáls á sama stað segir:

Fyrir norðaustan Hofstaði, þar sem lönd Hofstaða og Berufjarðar liggja saman uppi á hálsinum, er lítið daldrag; í því, í Berufjarðar landi, sjást greinilega bæjarrústir og túngarður í kring.<sup>47</sup>

Um tóftirnar í Rauðsdal segir Brynjúlfur Jónsson að þar séu litlar rústir og óglöggar.<sup>48</sup> Þessi lýsing á tæpast við tóftirnar í Stekkjardal því þær eru bæði miklar og greinilegar.

<sup>42</sup> Kålund, K. *Íslenskir sögustadir II. Vestfirðingafjórðungur*, 136.

<sup>43</sup> Matthías Þórðarson. „Smávegis...“, 44.

<sup>44</sup> Kristján Eldjárn. *Drög að spjaldskrá um friðlýstar minjar*.

<sup>45</sup> *Örnefnaskrá Hofstaða*, 4.

<sup>46</sup> Kålund, K. *Íslenskir sögustadir II. Vestfirðingafjórðungur*, 136.

<sup>47</sup> Kålund, K. *Íslenskir sögustadir II. Vestfirðingafjórðungur*, 136.

<sup>48</sup> Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Barðastrandarsýslu sumarið 1898.“, 10.

Kristján Eldjárn gekk upp í Stekkjardal sem er daldrag í Hofstaðahálsi, með Ragnari Sveinssyni. Svo lýsti Kristján aðstæðum þar:

Um smádal þennan rennur lækur sem heitir Þvottlækur og þar er líka gata sem er göngugata milli Hofstaða og Hyrningsstaða og líka var hún mógata til mógrafa. Dalurinn er kringlótt dalverpi og þar eru mjög greinilegar rústir af bæ, rústabungan 20-30 metra löng og ber mikið á henni. Stór og myndarlegur túngarður er í kringum túnið, sem hefur verið töluvert stórt. [S]kammt frá rústunum er svo stekkjárústir nýlegar, sbr. nafnið. Beint á móti rústunum er Stekkjarhæð, skriðurunnin hlíð, en á bak við hana er annar smádalur sem heitir Seljadalur. Efst í honum er smárúst, sem vafalítið er selrúst. Okkur kom saman um að það væri að öllu leyti líklegt, að hér hafi verið Rauðsdalur sá sem Þorskfirðinga saga nefnir, enda verður ekki annað séð en það sé einmitt meining Kalunds, og það mun einmitt hafa verið þessi dalur sem hann kallar...Rauðsdal, án þess að láta Stekkjardalsnafnsins getið, því engar túngirðingar eru á hinum staðnum, en K. Segir að bæði bæjarrúst og túngirðing sé sýnileg. Mér finnst ekki til greina koma að hann segði slíkt um hinn staðinn. – Friðlýsingin á því að færast á þennan stað.<sup>49</sup>

Og um Stekkjardal og Rauðsdal er eftirfarandi í örnefnaskrá:

Í Stekkjardal eru túngarður og tóftir. Þar eru einnig nýrri stekkjartóftir. Þegar R.S [Ragnar Sveinsson bóndi] man fyrst, var stekkurinn það vel uppistandandi, að hann hélt kvíaám.<sup>50</sup>...Rauðsdal, en hann gengur inn í Hálsinn að norðan. Enginn rauður litur er í Rauðsdal, hvorki á grjóti né mýrum. Í skrá S.E [Samúels Eggertssonar] segir, að Rauður, sonur Halls, eigi að hafa búíð í Rauðsdal, en talið sé að Stekkjardalur sé inn rétti Rauðsdalur. Í Stekkjardal eru minjar um byggð eins og segir hér að framan, en engar tóftir munu vera í Rauðsdal. Í Rauðsdal eru Rauðsdalstjarnir, tvö leirflög, sem vatn er aðeins í, ef blautt er, en eru þurr í þurrkum. Þar á upptök Rauðsdalslækur, sem rennur eftir dalnum. Ekki er vatn í honum nema stundum.<sup>51</sup>

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson gengu upp í Stekkjardal og skoðuðu rústirnar þar. Svo er umhverfi og aðstæðum lýst:

Þarna er heillegur túngarður, breiður og stæðilegur, rofinn á tveimur stöðum af reiðgötu sem liggur yfir hálsinn. Úr norðurhlið garðsins er tóftarhrúga eins og lítill bæjarhóll, og litlu vestar – einnig byggt útúr garðinum, eru tvær nokkuð heillegar tóftir....Bjargey [Arnórsdóttir] Benti þó á, að á veturnum fylltist dalverpið gersamlega af snjó og færur rústirnar þá á kaf – sem ekki geta talist vænlegar aðstæður til búskapar. Líklegra þykir mér að þetta sé sel...<sup>52</sup>

<sup>49</sup> Kristján Eldjárn. Stekkjardalur. *Dagbækur 1945-1968*. 7.september 1963. Þjóðminjasafn Íslands.


<sup>50</sup> *Örnefnaskrá Hofstaða*, 11.

<sup>51</sup> *Örnefnaskrá Hofstaða*, 13.

<sup>52</sup> Orri Vésteinsson. *Dagbók 1990*, 126.

Skýrsluhöfundur skoðaði rústirnar í Stekkjardal haustið 2006 og er rústasvæðið áberandi og tilkomumikið í notalegu dalverpi. Bæjarhóllinn er talsvert stór og vaxinn lyngi og fjalldrapa og túngarðurinn sömuleiðis allbreiður, siginn og fornlegur. Í hólnum má sjá a.m.k. tvö hólf auk þess sem lítur út fyrir að grafið hafi verið ofan í hann dæld á síðari tímum. Á stekkjartóftunum er allt annar gróður en á hinum rústunum auk þess sem veggirnir standa mun betur. Aðrar tóftir eru suðaustan við bæjarhóllinn, utangarðs – hugsanlega heystæði. Þessar rústir eru allrar athygli verðar og bíða frekari rannsókna og uppmælinga.

Naust við sjóinn: Matthías Þórðarson minnst á þrjú naust við sjóinn og tvö þeirra telur hann mjög fornleg.<sup>53</sup> Naustin fornlegu sem Matthías lýsti á sínum tíma eru um 300 metra norðvestur frá núverandi íbúðarhúsi á smátanga – Hofstaðatanga. Þau eru á grasi vaxinni sjávargrund um 2,5 metrum ofan fjörunnar. Rústirnar hafa hér númer úr fornleifagrunni Fornleifastofnunar Íslands, Ísleifu.



- BA-042:**037** er naust sem snýr NA-SV. Tóftin er 8 metra löng og 5,2 metra breið að utanmáli, opin til suðvesturs. Það er byggt úr torfi og grjóti og eru fjögur umför af grjóti sjáanleg, hæð veggja mest 0,6 metrar.
- Næsta rúst BA-042:**038** er af nausti, fast upp við BA-042:**037**, en mun fornlegra og signara. Það er 4,5 metra langt að utanmáli og snýr NA-SV, opin til SV. Dýpt hólfsins er 0,5 metrar og og breidd þess að innanmáli 1 metri.

<sup>53</sup> Matthías Þórðarson. „, Smávegis...“, 44.

Erfitt var að mæla breidd tóftarinnar að utanmáli þar sem veggir eru illgreinanlegir en hún er u.þ.b.5 metrar. Ekki hægt að greina grjót í hleðslum.

- BA-042:**039** er um það bil 3 metrum ofan og austan við tóft BA-042:**038**. Tóftin snýr í NV-SA, opið í NV og er um 11 metra langt og 8 metra breitt. Veggir þess eru mjög signir þó veggjahæð sé um 0,5 metrar.

Naust 038 er áreiðanlega annað af þessum fornlegu naustum sem Matthías Lýsir og 039 líklega líka. Þessi tvö mannvirki eru afar sigin og fornleg að sjá en naust 037 er hinsvegar mun yngra og standa hleðslur þess enn.

## Skrá yfir jarðlög

Lag	Svæði	Tegund	Lýsing
001	A	Lag	Yfirborðslag
002	A	Lag	Lag með torfleifum
003	A	Lag	Lag með torfleifum
004	A	Fylling	Fylling í gröf, malarblönduð, sjá grafarskurð 005
005	A	Skurður	Ferhyrnd gröf með rúnuðum hornum
006	A	Lag	Fokmold
007	A	Mannvirki	Torfveggur í kirkjugarði
008	A	Fylling	Fylling í gröf, malarblönduð, sjá grafarskurð 009
009	A	Skurður	Ferhyrnd gröf með rúnuðum hornum
010	A	Fylling	Fylling í gröf, sjá grafarskurð 011
011	A	Skurður	Ferhyrnd gröf með rúnuðum hornum
012	A	Fylling	Steinar í skurði 013 á norðanverðu svæðinu. Undirstöður?
013	A	Skurður	Skurður fyrir steina
014	A	Lag	Torfhrun í suðurenda svæðis
015	A	Lag	Torfhrun í norðurenda svæðis
016	A	Lag	Blandað torfhrun
017	B	Lag	Mjög blandaður jarðvegur. Einstaka kolaagnir sjáanlegar <0,1 %
018	B	Lag	Möl
019	B	Lag	Fokmold. Ljósbrúnleitt og appelsínubrúnt hreint lag
020	B	Lag	Dökkbrúnt og grábrúnt með möl. Rótarskotið
021	B	Lag	Blandað. Dökkbrúnt, ljósbrúnt og gráleitt. Grjót og smásteinar
022	B	Lag	Mjög líkt 020
023	B	Lag	Fokmold. Hrein, mjúk, ljósbrún gráleitt. Einstaka kolaagnir <0,1 %
024	C	Lag	Fokmold. Ljósleit og grábrún
025	C	Lag	Blandað svartleitt og appelsínugullitað torfhrun
026	C	Lag	Grábrúnt lag með möl
027	C	Lag	Blandað lag svartleitt lífrænt og appelsínugulleitt
028	C	Lag	Fokmold, ljósbrúnleitt
029	C	Lag	Svartleitt lífrænt lag, blandaðra með ljósleitri mold í neðri hluta
030	C	Lag	Möl, 20-40% og steinarnir á bilinu 2-20 mm í þvm.

## Heimildaskrá

- Adolf Friðriksson (ritstj.). *Þinghald til forna. Framvinduskýrsla (FS183-02141)*.  
Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002.
- Adolf Friðriksson (ritstj.). *Kuml og samfélag. Framvinduskýrsla [án skýrslunúmers]*.  
Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2005.
- Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík,  
Fornleifavernd – Þjóðminjasafn Íslands 1990.
- Bjargey Arnórsdóttir, fædd á Tindum í Geiradal 1930. Fyrrum húsfreyja á Hofstöðum.  
Munnleg heimild í maí 2006.
- Bjarni Eggertsson. „Lýsing Garpsdalssóknar“, *Sóknalýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandarsýsla*. Samband Vestfirzkra áttahagafélaga, Reykjavík 1952, 5-39.
- Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Barðastrandarsýslu sumarið 1898.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1899*, 6-18.
- Friðrik Jónsson. „Lýsing Staðar- og Reykhólasókna.“ *Sóknalýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandarsýsla*. Samband Vestfirzkra áttahagafélaga, Reykjavík 1952, 40-78.
- Guðmundur Sveinsson fæddur á Hofstöðum 1920 og uppallinn þar. Munnleg heimild,  
19. mars 2006.
- Guðrún Alda Gísladóttir. *Fornleifarannsókn á Grettislaug á Reykhólum (FS310-05291)*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2006.
- Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnámabók*. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík 1943.
- Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum)*. IX. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1909-1913.
- Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum)*. VI. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1900-1904.
- Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum)*. VII. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1903-1907.
- Íslensk fornrit XIII. Harðar saga, Bárðar saga, Þorskfirðinga saga, Flóamannasaga, Þórarins þátrr Nefjólfssonar, Þorsteins þátrr Uxafóts, Egils þátrr Síðu-Hallssonar, Orms þátrr Stórólfssonar, Þorsteins þátrr Tjaldstæðings, Þorsteins þátrr forvitna, Bergbúa þátrr, Kumlbúa þátrr, Stjörnu-Odda draumr. Þórhallur*

- Vilmundarsson og Bjarni Vilhjálmsson, gáfu út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík 1941.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. *Dala- og Barðastrandarsýsla VI bindi*. Hið íslenska Fræðafélag. Kaupmannahöfn, 1938.
- Jón Kr. Guðmundsson. *Skyggir Skuld fyrir sjón. Sagnabrot og ábúendatal úr Geiradal, Reykhólasveit, Gufudalssveit og Múlasveit í Austur-Barðastrandarsýslu 1703-1989*. I. Bind. Bókaútgáfan Hildur [án útgáfustaðar], 1990.
- Kålund, Kristian. *Íslenskir sögustaðir. Vestfirðingafjórðungur II*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Reykjavík 1985.
- Kort herforingjaráðsins. Uppdráttur Íslands. Blað 23. Geodætisk Institut, 1911.
- Kristján Eldjárn. *Dagbækur 1945-1968*. 7.september 1963. Þjóðminjasafn Íslands.
- Kristján Eldjárn. *Drög að spjaldskrá um friðlýstar minjar*. Flestar færslurnar eru skrifaðar 1.10.1963. Þjóðminjasafn Íslands.
- Matthías Þórðarson. „Smávegis. Um nokkra staði og fornminjar.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1924*, 42-58.
- Olsen, Olav. Hørg, hov og kirke. Historiske og arkæologiske vikingetidsstudier. *Aarbøger for Nordisk oldkyndighed og Historie*. Kongelige Nordiske Oldskriftselskab, København 1966.
- Orri Vésteinsson. *Dagbók 1990*, 124-126.
- Örnefnaskrá Hofstaða*. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík 1980.